



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

SEEDS kynnir spennandi verkefni í Saint Julien en Beauchêne, **Frakklandi**.

Hefur þú áhuga á að ferðast, hitta nýtt fólk og kynnast nýrri menningu á skemmtilegan hátt?

SEEDS mun senda 5 Íslendinga á aldrinum 18-25 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum „Melting Potes: An Artistic Adventure About Cultural Diversity“ sem mun fara fram í bænum Saint Julien en Beauchêne í Hautes-Alpes, Frakklandi. **Athugið að a.m.k. einn meðlimur íslenska hópsins má vera á aldrinum 25-30 ára.**

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

Hvenær: 5. – 26. ágúst 2013

Umsóknarfrestur: Til miðnættis mánudaginn 22. júlí 2013

Þema og markmið ungmennaskiptanna:

SEEDS tekur nú þátt í ungmennaskiptunum Melting Potes annað árið í röð en óhætt er að segja að verkefnið hafi slegið í gegn í fyrra. Í verkefninu mætast 20 ungir einstaklingar frá hinum ýmsu Evrópulöndum og vinna saman að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast meðal annars fjölmenningu, listsköpun og umhverfisvernd. Í verkefninu munu þátttakendur fá tækifæri til að dýpka þekkingu sína á ólíkum menningarheimum innan Evrópu með þátttöku í umræðum og vinnustofum þar sem þeim gefst meðal annars tækifæri til að skapa sín eigin verk sem endurspeglar þemum ungmennaskiptanna. Í vinnustofunum verður einnig fjallað um sjálfbærni og hvernig hægt er að vekja áhuga ungs fólks á virkri þátttöku í ungmennastarfi.

Þátttakendur munu einnig vinna saman að listrænu verkefni undir fyrirsögninni „Gerum það saman“ eða „Let's do it together“ sem vísar til fjölbýðlegs yfirbragðs verkefnisins. Í ár hefur verið ákveðið að leggja áherslu á sjónræna list (e. visual arts) og endurvinnslu en þátttakendur munu vinna saman að listrænni sköpun á svokölluðu „Land Art“ verki þar sem notast verður við endurvinnanlegan efnivið.

Undir lok ungmennaskiptanna mun fara fram hátíð þar sem þátttakendur munu meðal annars sýna verk sín en þeir munu taka virkan þátt í skipulagningu hátíðarinnar og hátíðarhöldunum sjálfum. Áhugasamir þátttakendur með bakgrunn í tónlist, dansi, leiklist eða öðrum tegundum sköpunar munu fá tækifæri til að koma hæfileikum sínum á framfæri á hátíðinni.

Ungmennaskiptin munu fara fram á ensku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri ensku.



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a
101 Reykjavík
Ísland

www.seeds.is
seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Þátttökuöld auk Íslands: Frakkland, Litháen og Spánn.

Fjöldi þátttakenda: 5 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-25/30 ára.

Athugið að við leitum að hópstjóra fyrir þessi ungmennaskipti!

Hlutverk hópstjóra er að vera í góðu sambandi við verkefnastjóra ungmennaskipta hjá SEEDS og skipuleggjendur í Frakklandi bæði fyrir verkefnið og á meðan því stendur. Hópstjóra er ætlað að „þjappa“ hópnum saman, aðstoða íslensku þátttakendurna, til dæmis við skipulagningu flugmiðakaupa og ef einhver vandamál koma upp á meðan verkefninu stendur. Hópstjóri safnar einnig saman nauðsynlegum ferðagögnum á meðan verkefninu stendur á ber ábyrgð á að skila þeim til SEEDS eftir heimkomu.

Hópstjóri mun reglulega taka þátt í svokölluðum hópstjórafundum á meðan verkefninu stendur en þar ræða hópstjórar allra landana saman um verkefnið og framgang þess auk þess að takast á við vandamál sem upp geta komið þegar ólíkir einstaklingar vinna saman að stóru verkefni.

Aðstaða: Ungmennaskiptin fara fram í bænum Saint Julien en Beauchêne sem staðsettur er í Hautes-Alpes, Frakklandi. Bærinn er staðsettur í um 1.200 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem hitastig er að jafnaði um 20°C – 25°C yfir daginn en hitastig fellur talsvert á kvöldin. Bærinn var í eyði eftir að íbúar yfirgáfu hann um aldamótin 1900 en hefur verið endurbyggður á síðustu árum af sjálfbærliðum. Bærinn hefur því orðið að einskonar „kommúnu“ sjálfbærliða þar sem ungir sem aldnir einstaklingar, innlendir sem erlendir, koma saman til að vinna að sameiginlegum markmiðum.

Þátttakendur munu gista í tjöldum við mistöð frönsku samtakanna Vaunières og hafa aðgang að allri nauðsynlegri aðstöðu. Þátttakendur munu einnig taka virkan þátt í daglegu lífi íbúa þorpsins en íbúarnir boða máltíðir saman og skiptast til dæmis á eldhúsvörkum. Svæðið býður upp á mörg tækifæri til útivistar sem þátttakendur með viðeigandi búnað geta nýtt sér í frítíma.

Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti
- Áhugi á listsköpun, fjölmenningu, umhverfisvernd og/eða ungmennastarfi.
- Gott vald á talaðri ensku
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a
101 Reykjavík
Ísland

www.seeds.is
seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Kostnaður: SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur auk þess sem boðið verður upp á einhverjar skoðunarferðir um svæðið. Þátttakendur bera ekki kostnað af samgöngum vegna skoðunarferða eða annara ferða sem farið verður í á meðan verkefninu stendur. Að auki verður þátttakendum séð fyrir tryggingu á meðan verkefninu stendur.

Þátttakendur munu að auki fá 70% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 490€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað eftir heimkomu og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 20.000 kr.. Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina. Athugið að þeir sem ekki komast að að þessu sinni greiða ekkert gjald.

[Smelltu hér til að skoða grein sem birtist í Séð & Heyrt um Melting Potes 2012](#)

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það til outgoing@seeds.is fyrir miðnætti mánudaginn 22. júlí næstkomandi.

Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri ungmennaskipta hjá SEEDS a netfanginu outgoing@seeds.is eða í síma 845 0766.



Youth
in Action



Evrópa
unga fólksins